

Lærum hvert af öðru – virkjum grunnþættina

Í sameiginlegum hluta aðalnámskrár er kveðið á um sex grunnþætti sem mynda kjarna nýrrar menntastefnu. Þeir varða starfshætti skóla, inntak og umhverfi náms og er ætlað að vera leiðarljós og skapa samfellu í öllu skólastarfi.

1. Hvernig má tryggja að grunnþátturinn LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI komi fram og endurspeglis í?

- a) Inntaki námsgreina / námssviða og kennslufræði þeirra
 - b) Starfsháttum skóla og menningu þeirra
- a) Kenna um lýðræði og mannréttindi og í lýðræði og til lýðræðis. Aðlaga þetta að hverju skólastigi. Um hvað snýst lýðræði. Kennari sé meðvitaður um lýðræði og mannréttindi og láti það koma fram í kennsluháttum. Hlusta á nemendur. youthforhumanrights.org er síða um mannréttindi og kennslufni. Flétta saman við sköpun. Þemadagar í leikskólum þar sem sýnd væri mynd um mannréttindi eða notuð bók um barnasáttmála SP.
- b) Samvinna, hópastarf og samverustundir. Verkefni ganga ekki upp nema allir taki þátt. Mismunandi kennsluaðferðir og aukið val um hvernig maður lærir og hvað. Nýta styrkleika. Nemendur fái að hafa áhrif. Einstaklingsmiðað nám. Nemendur komi inn sem fulltrúar og taki þátt í móta skólastarfið. Þau fái að hafa áhrif á umhverfi sitt og koma með hugmyndir um svæði í skólanum. Komi að ákvörðunum sem varða þá. Að lýðræði sé bæði í orði og á borði. Ekki bara nemendaráð, ekki allir sem þora að bjóða sig fram. Þau verði með í að fylgja hugmyndum sínum en ekki bara að kennarar taki hugmyndirnar og geri þær jafnvel að sínum. T.d. útisvæði hvernig vilja þau hafa það.

2 Hvað þarf til þess að öflug menntun í lýðræði og mannréttindum eigi sér stað? (Reynsla, hugmyndir og leiðir)

Kenna lýðræði, um lýðræði til lýðræðis. Ekki láta þröskulda stoppa okkur heldur finna leið yfir þá. Allt tekur tíma. Ekki festa okkur í bókum eða dagskipulagi. Leyfa börnunum að taka brauð inn í leikinn, ekki stoppa leikinn til að borða. Raddir einstaklinga fái að njóta sín og virða skoðanir allra. Láta þau rökstyðja skoðanir sínar. Ekki láta bara skoðanir heyrast heldur að vita hvað er að baki þeim. Það er líka í lagi að skipta um skoðun ef þú hefur rök fyrir því. Við þurfum líka að sýna gott fordæmi og ekki vera hrædd við að gera mistök. Það er hægt að læra af mistökum. Svo má benda fólki á ef skoðunin brýtur gegn mannréttindum. Mikilvægt er að bera virðingu fyrir öðrum og skoðunum þeirra. Samskipti eru mikilvæg og aðgát skal hafa í nærveru sálar. Hafa kennara og starfsmenn sem eru menntaðir og upplýstir og að umhverfi og foreldrar styðji aðferðir og hugmyndir. Ef kennarar ætla að kenna lýðræði þá verða þeir að lifa í lýðræði og hafa á tilfinningunni að rödd þeirra heyrst og það sé tekið mark á henni. Upplýsa þarf foreldra og umhverfi um t.d. nýja aðalnámskrá.

3 Hugmyndir um aðferðir til að auka menntun í lýðræði og mannréttindum þvert á námsgreinar/námssvið?

Kennarar spyrji opinna og gagnrýninna spurninga. ART hlutverkaleikir og að setja sig í spor annarra. Barnabær BES eru þemadagar þar sem byggt er upp samfélag og mætti þróa það í lýðræðissamfélag á þemadögum. Taka sjálfstæðar ákvarðanir og ekki vera hræddir við hvað aðrir segja. Stjörnumerkjadagar FSU t.d. Læra af reynslunni. Nemendur fái að nýta sjálfsmat til að meta árangur í skóla. Höfða þar til jákvæðni.

4 Annað sem skiptir máli

Þetta tengist allt og var mjög skemmtilegt.

